



Reykjavík, 18. desember 2017

R2017120022/12.8.4

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Kt. 420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2018 - 3 mál

Ríkisskattstjóri þakkar fyrir tölvupóst sem barst 15. desember 2017 þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Ríkisskattstjóri telur tilefni til að vekja athygli á eftirfarandi atriðum í frumvarpinu:

1. Kæruréttur vegna úrskurða um heimilisfesti

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að skjóta megi úrskurðum ríkisskattstjóra um heimilisfesti, bæði einstaklinga og lögaðila, til yfirsattanefndar eftir ákvæðum laga um yfirsattanefnd. Slíkir úrskurðir voru ekki kæránlegir til yfirsattanefndar áður. Mikilvægt er að breyting af þessu tagi taki gildi um áramót og er tekið tillit til þess í 46. gr. frumvarpsins um gildistöku þar sem fram kemur að lagt sé til að 1. gr. þess taki gildi 1. janúar 2018.

2. Skil á „ríki-fyrir-ríki skýrslu“


Í 7. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á tímamarki á skilum á skýrslu vegna félaga innan samstæðu sem eiga heimilisfesti í fleiri en einu ríki. Ríkisskattstjóri tekur undir þessa breytingu.


3. Gildistaka

Miðað við gildistökuákvæði frumvarpsins er gert ráð fyrir að 6. gr. þess öðlist þegar gildi. Um er að ræða breytingu á skatthlutfalli tiltekinna skattskyldra lögaðila af fengnum arði og óskattskyldra aðila af fjármagnstekjum. Ríkisskattstjóri bendir á að réttara væri að ákvæðið kæmi til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda 2018 og álagningu 2019.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Elín Alma Arthursdóttir